

Raunvísindastofnun Háskólans  
Dunhaga 5  
107 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2023  
UST202308-182/P.V.B.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna Fjallabak**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, dagsett 27. júlí 2023, um leyfi til rannsókna innan friðlandsins að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

#### **Lýsing verkefnis:**

Um er að ræða framhald rannsóknar sem fór fram á svæðinu í ágúst 2022 og Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir þann 22 ágúst 2023. Í ár færri sýnataka fram af Háöldu og Námshrauni. Sýni af Námshrauni yrði tekið úr vegskeringu. Þá yrði tekið sýni af eldri líparítmyndunum í og við Kirkjufell, Illahnúk og Barm. Þar sem því verður við komið verða teknir lausir steinar. Ef ekki finnast heppilegir lausir steinar, verður tekið sýni úr föstu bergi með hamri. Slík sýni verða tekin á lítt áberandi stað og öll ummerki afmáð. Sýni af líparítgjósku verða tekin í lækjarfarvegum eða vatnsrásum þar sem er rof í gjóskuna. Sýnin verða tekin með skóflu og síðan sléttað yfir og rakað að sýnatöku lokinni. Áætlað er að taka 10-20 sýni sem yrðu 4-5 kg. Ekki verður ekið utan vegar vegna verkefnisins. Gengið verður að sýnatökustöðum og stígum þar sem þeir eru til staðar. Að verkefninu kæmu sex manns og þar fer fram 28.-31. ágúst 2023.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrifa á verndargildi og náttúrufar svæðisins. Umhverfisstofnun metur að niðurstöður rannsóknarinnar gæti bætt þekkingu á Torfajökulsöskjunni og haft jákvæð áhrif fyrir verndargildi svæðisins.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Raunvísindastofnun Háskólans fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum innan friðlandsins að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan 28.-31. ágúst 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Þess skal gætt að raska ekki einstökum jarðmyndunum innan hraunanna. Eingöngu skal taka sýni þar sem hraunið er talið vera með nógu miklum kristöllum svo það henti til rannsóknarinnar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Sýnataka skal fara fram þar sem ummerki um hana eru ekki sýnileg gestum og afmá ummerki að sýnatöku lokinni.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

Daníel Freyr Jónsson  
*sérfræðingur*

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
*sérfræðingur*